

Ár 2014, mánudaginn 23. júní, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ.

Fyrir var tekið mál nr. 29/2013

X

gegn

Z

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður.

I. Málsmeðferð siðanefndar

Í erindi kæranda (X), sem barst siðanefnd 25. nóvember 2013 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þessa að kærða (Z) hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ með því að para tíkina ZZ við rakkann XX án þess að tíkin hefði ná tilskildum lágmarksaldri. Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 4. desember 2013 og henni gefinn andmælafrestur til 2. Janúar 2014. Kærða svaraði með bréfi dagsettu 4. janúar og var afrit af því sent kæranda til umsagnar. Kærandi svaraði ekki efnislega en bað um að haldið yrði áfram með málið. Þar eð siðanefnd taldi að öll gögn er máli skiptu væru fram komin ákvað hún að taka málið til úrskurðar.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði dagsettu 18. september 2013 var tíkin ZZ pöruð við rakkann XX hinn 11. júní 2013. Hundarnir eru af kyninu Bichon Frise og er tíkin í eigu kærðu. Við pörunina hafði tíkin ekki náð tilskildum 20 mánaða lágmarksaldri. Telur kærandi að við pörunina hafi kærða gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ. Kærða svaraði því til að sér hefði yfirsést með aldur tíkarinnar en 6 daga vantaði upp á að tíkin næði tilskildum aldri og biðst kærða innilegrar afsökunar á mistökunum.

III. Forsendur.

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn. Og samkvæmt grein 3.3. ber félagsmanni að:

„Para ekki tík fyrir tveggja ára aldur nema annað sé tekið fram í reglum sérdeilda varðandi undaneldisdýr í Reglugerð um skráningu í ættbók Hundaræktarfélags Íslands”

Og í reglugerð um ættbókarskráningu segir um hundakynið Bichon frise:

„Lágmarksaldur tíka við pörun er 20 mánaða (skv. beiðni Smáhundadeildar 01.01.2010).“

Í málinu liggur ljóst fyrir að við pörun hafði tíkin ekki ná tilskyldum lágmarksaldri sem Smáhundadeild HRFÍ biður um og hefur kærða því gerst brotleg við grein 3.3 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kemur þá til skoðunar hver séu hæfileg viðurlög við brotinu. Kærða hefur ekki áður svo vitað sé gerst brotleg við reglur félagsins, hún játaði brot sitt skýlaust og baðst afsökunar á því og hefur jafnframt heitið því að slíkt muni ekki endurtaka sig. Siðanefnd þykir því hæfileg refsing vera áminning.

IV. Niðurstaða

Kærða Z telst hafa gerst brotleg við grein 3.3 í gundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærða er áminnt.

Anna María Flygenring

Guðríður Þorbjörg Valgeirsdóttir

Kristín Sveinbjarnardóttir